

FUNDARGERÐ

Fundur nr. 34 í stjórn Herjólfss ohf., haldinn þriðjudaginn 28.janúar 2020 kl. 17:00

í fundarsal Hótel Vestmannaeyja.

Mættir voru: Arnar Pétursson, Arndís Bára Ingimarsdóttir, Páll Þór Guðmundsson, Agnes Einarsdóttir, Guðlaugur Friðþórsson, Birna Vído Þórsdóttir, Aníta Jóhannsdóttir. Guðbjartur Ellert Jónsson framkvæmdastjóri sat fund gegnum síma.

Til fundarins var boðað með tölvupósti. Engar athugasemdir bárust varðandi boðunina.

Á dagskrá fundarins voru sex dagskrárliðir:

1. Yfirferð fundar sem haldinn var með Vegagerðinni 10. jan. 2020.

Stjórnarformaður fór yfir fund með Vegagerðinni vegna uppgjors á kröfum Herjólfss ohf. fyrir hönd Vestmannaeyjabæjar á Vegagerðina. Krafan er viðbótarkostnaður sem fallið hefur á félagið miðað við forsendur samningsins.

Stjórnin þakkar yfirferðina og felur stjórnarformanni og framkvæmdastjóra að fylgja málum vel eftir og sækja endurgreiðslu vegna aukins kostnaðar sem fallið hefur á félagið.

2. Fyrirhuguð slíptaka –helstu verkefni. Heimsókn Hjartar Emilssonar og Jóhannesar Jóhannessonar til Eyja 16. jan.2020.

Framkvæmdastjóri fór yfir fyrirhugaða slíptöku og tímasetningu á henni með HE og JJ.

Stjórnin þakkar upplýsingarnar. Hún telur mjög mikilvægt að fyrir liggja fljótlega tímasetning og lengd á slíptöku svo hægt verði að skipuleggja siglingar í samræmi við hana.

3. Rafvæðing –staðan.

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna á rafvæðingunni.

Stjórnin lýsir yfir ánægju sinni með að byrjað sé að sigla að hluta til á rafmagni milli Eyja og Landeyjahafnar en leggur áherslu á við Vegagerðina að verkið verði klárað sem fyrst svo hægt verði að sigla eingöngu á rafmagni til og frá Landeyjahöfn.

4. Herjólfsbryggja –framtiðarskipulag.

Framkvæmdastjóri og varaformaður stjórnar greindu frá fundi sem þeir, ásamt fulltrúum áhafnar, áttu með fulltrúum Vestmannaeyjabæjar varðandi framtiðarskipulag á Herjólfsbryggju.

Stjórnin þakkar upplýsingarnar.

5. Þjónustumiðstöð við Landeyjahafnar afleggjara.

Kynning á hugmyndum um fyrirhugaða þjónustumiðstöð við Landeyjarhafnar afleggjara.

Stjórnin þakkar kynninguna.

6. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Næsti stjórnarfundur er áætlaður miðvikudaginn 12. febrúar.

Ekki annað rætt.

Fundi slitið kl. 18:45.

Fundargerð ritaði Agnes Einarsdóttir.